

**Nd.**

## **5. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Flm.: Jón Pálmason.

### **1. gr.**

Fyrstu grein laganna skal orða svo:

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og þurrmjólk.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Á árunum 1946 og 1947 reisti Sláturfélag Austur-Húnavetninga á Blönduósi þurrmjólkurstöð með aðstoð ríkisins. Byrjaði framleiðsla mjólkurdufts um síðustu áramót og hefur gengið ágætlega síðan.

Fyrst framan af gekk sala á duftinu vel, en síðustu mánuði hefur verið tregt um hana. Var talið, að orsökina væri skortur annarra efna til framleiðslu þeirra fyrirtækja, sem aðallega nota þessa vöru.

Fyrir fáum dögum fékk ég af tilviljun fregnir af því, að eitt viðskiptafyrirtæki hér í bænum hafi flutt inn allmikið af mjólkurdufti á þessu ári og fengið til þess leyfi viðskiptanefndar. Kom mér þetta mjög á óvart, því að bæði Búnaðarráð og síðan Framleiðsluráð landbúnaðarins höfðu gefið loforð um að sjá til þess, að eigi yrði flutt inn mjólkurduft, ef framleiðslan fullnægði eftirspurn, sem í upphafi var eigi fullvist.

Ég hef nú fengið að vita hjá framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs, að umræddur innflutningur hefur átt sér stað án vitundar þeirrar stofnunar. En við athugun fékk framkvæmdastjórinn upplýst, að flutt hefur verið inn af mjólkurdufti á þessu ári 17.4 smálestir fyrir ca. 128 þús. krónur. Samtímis liggja miklar birgðir af þessari vöru hjá því fyrirtæki, sem stofnsett hefur verið til að framleiða hana, framleiðendum sveitanna til hags. Er hér eitt dæmi um meðferð gjaldeyris og framkvæmd viðskiptamála.

Þess vegna er það frumvarp flutt, sem hér liggur fyrir. Vil ég eigi framvegis eiga það undir geðþótta nefnda eða ráða, hvort þetta endurtekur sig eða eigi, og vænti þess, að Alþingi samþykki það greiðlega, að þurrmjólkinn hlíti að þessu leyti sömu lögum og mjólk, sem soðin er niður í fljótandi ástandi.

Nánar í framsögu.